




SKN-19	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 4		
Fundargerð Skólanefndar # 19		
30. september 2020		

Mættir:	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Steinþór Jónsson, Hjördís Einarsdóttir og Gerður Bjarnadóttir.
Forfallaðir:	Guðný Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Sigrún Júlía Ólafsdóttir fulltrúi nemenda,
Staður:	Teams fjarfundur
Tími:	Kl. 12:00-13:00 Dags.: 30. sept. 2020


Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	<p>Upphaf skólaárs 2020. Flosi formaður skólanefndar setur fundinn kl. 12:02.</p> <p>Guðríður fer yfir stöðuna á nemendafjölda. Aðsókn var með ágætum í haust sem kom tiltölulega á óvart því forinnritun um páskana gaf ekki endilega til kynna svona góða aðsókn. Nemendum hefur fjölgað og þurfti meira að segja að vísa nemendum frá. Aukningin nam 37%. Afreksbrautinni segir til sín og er mikil eftirspurn eftir henni. Ekki einungis þó heldur er líka almenn aukning í bóknáminu. MK var með fín kynningarmyndbönd sem fengju ágætis dreifingu sem og fjölmiðlaumfjöllun í vor vegna framúrskarandi nemenda við útskrift.</p> <p>Vegna aðsóknarinnar fóru þau í að ráða inn nýja kennara og réðu inn 6 nýja kennara á haustönninni.</p> <p>Svo var viðbúið að það yrði aukning í aðsókn í matargreinarnar og það gekk eftir. Það var ráðinn inn kennari í matreiðslunámið líka vegna aðsóknarinnar. GE finnst þessi aðsókn afar ánægjuleg.</p> <p>Kennararnir standa sig mjög vel á þessum óvenjulegu tímum. Öll kennsla er sett upp sem fjarnám og allt annað er plús. Foreldrar nemenda og nemendur eru búnir að vera mjög ánægðir og hrósa kennurum mikið fyrir frammistöðuna. Kennsla hefur verið annað hvort alfarið á Teams eða helmingur nemenda í kennslustund á staðnum og helmingur á Teams.</p> <p>Formaður skólanefndarinnar hefur heyrt áhyggjur af því frá íþróttahliðinni hvort að allir komist inn á hana, einnig</p>	<p>FE</p> <p>GEA</p>	<p>30 sek.</p> <p>20 mín.</p>

SKN-19	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 4		
Fundargerð Skólanefndar # 19		
30. september 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>nemendur sem teljist kannski ekki afreks íþróttamenn, og þar með verði brautin kannski verðminni.</p> <p>Guðríður: Borgarholtsskóli tók þá afstöðu að hleypa öllum inn sem sóttu um og það gjaldfelldi þá braut. Við verðum að passa okkur á að þetta gerist ekki hjá okkur. Við verðum að leyfa einungis nemendum sem eru afreks íþróttamenn inn á brautina en ekki bara eru duglegir að æfa.</p> <p>Skólanefndin er sérstaklega ánægð með góða aðsókn, það er bókað.</p>		
2.	Nemendafjöldi	GEA	0 mín.
	Sjá umfjöllun undir dagskrárlið 1.		
3.	Fjármál	GEA	8 mín.
	<p>Ársreikningar skólans eru loksins klárir fyrir árið 2019. Það er ekkert óvænt í því en þeir eru loksins tilbúnir frá fjársýslunni til undirritunar. Allar fjárhæðir hafa legið fyrir meira og minna allt árið og nefndin þekkir þær. Niðurstaðar er 18,5 milljónir u.þ.b. í mínus.</p> <p>Liðurinn „Sala á vörum og þjónustu“ stendur fyrir innritunargjöld o.fl.</p> <p>Liðurinn „Vörusala kennsluefni“ er liður sem hækkar mjög mikið milli ára. Það sem er að koma inn í þessa tölu er að það þurfti að endurgreiða hluta af skólagjöldunum fyrir árin 2016-2017 og það var gjaldfært árið 2018 á móti tekjunum.</p> <p>Í mörgum tilfellum er verið að færa gjaldaliði á milli lykla.</p> <p>Liðurinn „Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga“ gæti verið vegna fjárfestinga framlagsins en þær eru ekki alveg vissar hvaðan þessi fjárhæð kemur.</p> <p>Ekkert óvænt kemur fram í ársreikningnum. Bókað að ársreikningurinn hafi verið lagður fram og hann ræddur en hann verður undirritaður á næsta fundi. Nefndarmenn fá reikninginn sendan í tölvupósti.</p> <p>Varðandi fjármál þessa árs þá gerði fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 ráð fyrir 44 milljónum í mínus. Skólinn er búinn að fara í alls konar hagræðingaraðgerðir. Rauntölur fyrir fyrstu 7 mánuðina sýna að skólinn er í plús. Það hefur hjálpað t.d. að vegna Covid hefur ekki verið mótuneyti fyrir alla nemendur og</p>		

SKN-19	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 3 af 4		
Fundargerð Skólanefndar # 19		
30. september 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	starfsmenn allan tímann. Svo náðu þau launakostnaði niður á par. Þannig að fyrstu 7 mánuðina hefur reksturinn verið í góðu jafnvægi. Svo fer að síga á ógæfuhliðina núna í haust þar sem að vegna aukins nemendafjölda þurfa þau að ráða fleiri kennara sem leiðir til aukins kostnaðar fyrir skólans. Þar að auki voru allir nemendur teknir inn í matvælanámið sem sóttu um samkvæmt beinum fyrirmælum frá ráðherra. Þannig að þau eru meðvitað að keyra inn í halla en það verður vonandi leiðréttur um áramótin.		
4.	Horfur næsta árs		
	Sjá umfjöllun undir dagskrárlið 5.		
5.	Fyrirhugaðar breytingar á námskrá	GEA	3 mín.
	MK er með námskrána í endurskoðunarferli. Ráðinn var kennslustjóri sem verður í vetur og hún hefur meðal annars þetta verkefni að vinna að þessum tillögum og vonandi verða þær klárar eftir áramót og geta þá tekið gildi næsta haust. Áhugi er fyrir því að þrengja val nemenda á opnu brautinni og beina þeim í afmarkaðri leið. Kynjafræði, umhverfisfræði og staða nemenda í nútímasamfélagi, andleg líðan og líkamleg líðan o.s.frv. eru valkostir sem þau hafa áhuga á að koma með inn. Stefnt að því að skólanefndin hittist eftir u.þ.b. mánuð til að fara yfir þessar þælingar.		
6.	Önnur mál	GEA	6 mín
	Steinþór spyr hvort að framkvæmdir eða endurbætur séu fyrirhugaðar á næsta ári. Já það er farin af stað vinna við að endurhanna þriðja kennslueldhúsið og mötuneyti starfsmanna. Að óbreyttu verða það framkvæmdir sem farið verður í næsta sumar. Einnig eru þau að fara af stað með það að setja upp sjálfafgreiðslu línu í mötuneytið. Með því geta þau fjórfaldað afkastagetu mötuneytisins þannig að fleiri nemendur geti nýtt sér það. Þá er búið að kaupa bæði hugbúnað og tæki til að nemendur geti keypt mat eftir vigt. Þetta er til að koma til móts við matarsóun, að nemendur fái sér ekki meira á diskinn en þeir ætla sér að borða. Flosi yfirgaf fundinn kl 12:33 og afhenti fundarritara fundarstjórn. Guðríður segir að skólinn stefni að því að koma upp skýli fyrir hjól sem er vatns og vindhelt og vaktað þannig að þau séu		

SKN-19	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 4 af 4		
Fundargerð Skólanefndar # 19		
30. september 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	betur varin. Öll skólalóðin er vöktuð núna. María spyr hvort að skólinn sé byrjaður í grænum skrefum. GE segir að það sé verið að vinna í loftlagsstefnu sem er hluti af grænum skrefum. Skólinn á alls ekki mikið eftir í að vera búinn að uppfylla grænu skrefin.		
7.	Fundi slitið: Ritari sleit fundi kl.12:37.		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir